

Nd.

23. Frumvarp til laga

um framkvæmdasjóð ríkisins.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Eysteinn Jónsson, Skúli Guðmundsson,
Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir: **Framkvæmdasjóður ríkisins**. Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna, að styrjöldinni lokinni.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðs ríkisins $\frac{3}{5}$ hluta þess tekjuafgangs, sem verður á rekstrarreikningi árið 1941. Árið 1942 greiði ríkissjóður til sjóðsins $\frac{3}{5}$ hluta tekjuafgangs, en þó aldrei lægri upphæð en 6 milljónir króna. Fé sjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

3. gr.

Sameinað Alþingi kys 5 manna nefnd til þess að hafa umsjón með sjóðnum, og skal nefndin gera tillögur til Alþingis um fjárveitingar úr honum.

4. gr.

Rekstrarreikning sjóðsins, svo og efnahagsyfirlit, skal birta með ríkisreikningi ár hvert.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á aukabinginu í haust. Fylgdi því þá allýtarleg greinargerð. Visast til hennar um ástæður fyrir frv.